


# Ársyfirlit

Ferðamálafultrúi  
Uppsveita Árnessýslu



2008

# Ársyfirlit ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu 2008

Árið 2008 byrjaði vel rétt eins og hvert annað ferðaár undanfarið og menn voru bjartsýnir, engan gat órað fyrir því hvert örlögin leiddu landið okkar á næstu 12 mánuðum.

Um 502.000 erlendir gestir komu til landsins árið 2008, auk þess sem Íslendingar eru duglegir að ferðast um eigið land. Árið 2007 komu 485.000 erlendir gestir svo aukning milli ára var 3,5%. Þess má geta að fjöldi ferðamanna hefur meira en tvöfaldast á 10 ára tímabili, var 232.219 árið 1998. Þessi þróun er umhugsunarefni, t.d. hversu hröð er uppbygging grunnþjónustu, vöruþróun, gæðamál í ferðaþjónustu o.s.frv.

Hér í Uppsveitunum finnum við vel fyrir þessari fjölgun gesta, sem skila sér til okkar allan ársins hring, einkum vegna fallegrar náttúru og sögustaða, en einnig vegna góðs aðgengis og nálægðar við höfuðborgina og flugvöllinn. Ferðaþjónusta er orðin mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi Uppsveitanna, sem er mikið breytt miðað við það sem áður var. Hefðbundinn landbúnaður og garðyrkja hafa þróast í þá átt að bú eru nú færri og stærri, með meiri tækni. Á sama tíma hefur ferðaþjónustufyrirtækjum fjölgað mjög, afþreying er orðin fjölbreyttari og aukið framboð af góðri gistingu.

En það sem einkennir árið 2008 er aukin samvinna innan ferðaþjónustunnar. Menn sjá orðið aukinn hag í að vinna saman og hafa hinir ýmsu hópar starfað saman að fjölbreyttum verkefnum. Þetta kallast gjarnan „klasar“ eða „samvinna í samkeppni“.

Svæðið okkar er í stöðugri þróun, ný, spennandi verkefni að glíma við, öflugt fólk og sífelld endurnýjun. Nýir aðilar með ferskar hugmyndir koma fram og nú þegar á nýju ári hafa margir haft samband með hugmyndir þrátt fyrir allt kreppatal. Þannig er stöðug vöruþróun og vöxtur á svæðinu.

Miklar breytingar urðu varðandi skipan ferðamála á landsvísu á árinu. Ferðamálin voru flutt frá Samgönguráðuneyti yfir í Iðnaðarráðuneyti, nýr ferðamálastjóri kom til starfa og Ferðamálastofa fór í stefnumótunarsvinnu. Landshlutarnir tóku virkari þátt í markaðssetningu landsins og Útflutningsráð kom einnig að því samstarfi. Þessu ber að fagna því með breiðri samvinnu erum við sterkari út á við og það sparast bæði fé og fyrirhöfn. Ekki er séð fyrir endann á öllum breytingunum og sumt gekk ekki eftir, vegna efnahagsbreytinganna, en spennandi verður að fylgjast með og taka þátt í þróun mála.

Sem talsmaður samvinnu hefur ferðamálafulltrúi átt öflugt samstarf innan svæðis og utan og tekið þátt í fjölmörgum verkefnum. Mikill áhugi er á menningarferðaþjónustu um þessar mundir og mörg sóknarfæri og verkefni í fravatninu á þeim vettvangi. Hér á eftir verður stiklað á stóru varðandi viðfangsefni ársins hjá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu.

## 1. Eftirfylgd stefnumótunar

Markvisst er unnið að eftirfylgd stefnumótunarskýrslu í Uppsveitum Árnessýslu. Enn fjölgar ferðamönnum sem koma til landsins og líkt og undanfarin ár skilar heildarfjölgunin sér vel inn á okkar svæði. Ársverkum í ferðaþjónustu hefur fjölgað og ferðamannatímabilið lengist. Það hefur loðað við nokkur undanfarin ár að ferðaþjónustuaðilar hafa átt frekar erfitt með að manna störf, en það kann að breytast nú.

*Til upprifjunar. Yfirmarkmið stefnunnar Gæði og gestrisni eru:*

1. Fjölga ársverkum í ferðaþjónustu
2. Auka tekjur af ferðaþjónustu
3. Styrkja og efla ímynd Uppsveitanna sem ferðaþjónustusvæðis í fremstu röð.

Nýir aðilar og nýjar hugmyndir að verkefnum koma fram reglulega og voru þær fjölmargar á árinu og þegar eru komnar nokkrar 2009. Ferðamálafulltrúi aðstoðar, hvetur fólk til dáða og vísa veginn þannig að góðar hugmyndir komist í réttan farveg.

Hafa ber í huga að gæði eru mál málanna, við verðum stöðugt að standa vörð um gæði þjónustunnar og hafa það að markmiði að standa undir væntingum gestanna sem hingað koma.

## 2. Klasasamstaf - Verkefni

Samvinna er mikilvæg í ferðaþjónustu. Töluverður árangur náðist á árinu 2008 í því að efla samvinnu. Klasasamstarf þ.e. “Samvinna í samkeppni” jókst og nýir slíkir samvinnuhópar urðu til.

Samstarfið er fljótt að skila árangri. Fyrirtækjaklasinn sem varð til eftir námskeiðið “Hagvöxtur á heimaslóð” árið 2007 starfar saman og nú er nýtt námskeið komið af stað. Annar klasi tólf fyrirtækja í Uppsveitum vinnur nú saman, m.a. með áherslu á sameiginleg kynningarmál og menningu. Þá er safnaklasi starfandi sem tekur til allra safna og sýninga á Suðurlandi. Markaðsstofa Suðurlands SES var stofnuð, Nýr hópur Þjórásardalshópur varð til á árinu. Feiri klasar urðu til eða eru í farvatninu á nýju ári og ýmsar hugmyndir um samstarf. Vaxtasamningur Suðurlands opnaði ýmsa möguleika, Sprotanámskeið og Menningarsamningur Suðurlands virka einnig hvetjandi á fólk. **Ferðamálafulltrúi starfar með öllum þessum klösum** og það er mikill kraftur og hugmyndaáriki í fólkinu á svæðinu.

### Hagvöxtur á heimaslóð HH og HH2 „Frá hugmynd til markaðar“

*Hagnýtt verkefni fyrir aðila í ferðaþjónustu*

Námskeiði var auglýst og opið öllum. Þátttakendur nú á HH 2 eru tuttugu talsins. HH eru þróunarverkefni Útflutningsráðs Íslands, sniðin að þörfum fyrirtækja og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu með sérstaka áherslu á hagnýtt gildi fyrir alla þátttakendur. Markmiðið er auka markaðsvitund þátttakenda varðandi sölu, kynningu og markaðssetningu með áherslu á samstarf innan og milli svæða. Á vinnufundunum eru bæði fyrirlestrar og verkefnavinna og áhersla á virka þátttöku. Unnið er með ákveðin hagnýt lykilatriði í gegnum allt verkefnið. HH hefur þegar borið árangur sem felst m.a. í samvinnu að markaðsmálum.

## Uppsveitaklasinn

Samstarf tólf aðila í ferðþjónustu í Uppsveitum auk ferðamálafulltrúa. Margar hugmyndir eru komnar fram að verkefnum sem hópurinn mun vinna að saman. Ein hugmyndin eru afþreyingarkort sem koma út fyrir vorið og verða bæði til afhendingar á stöðunum og aðgengileg á netinu. Einnig verður ráðist í markaðsátak á nýju ári.



Innan þessa hóps kviknaði hugmynd um íslenska eldhúsið, sem m.a. leiddi til matarklasa, sem einn úr þessum hóp stýrir.

### Verkefnahugmyndir

- Matvæli úr heimabyggð / íslenskt eldhús  
Veitingamenn noti hráefni úr heimabyggð og kynni það
- Vetrarferðamennska/lenging háannar
- Sameiginleg kynningarmál/markaðsmál
- Fræðsla / símenntun  
Efla fræðslu og símenntun innan fyrirtækjanna.
- Ímyndarsköpun, slagorð og logo og huga að gæðamálum.
- Söguslóðir/ nýting sögu og menningar í ferðþjónustu .



## Þjósárdalshópur „Undan öskunni“

Áhugahópur um Þjósárdal var stofnaður á árinu í kjölfar Landnámsdags.

Þjósárdalur er vannýttur sögustaður og náttúruperla á Suðurlandi.

Verkefnishugmyndin er að mynda öflugan áhugamannahóp um Þjósárdal sem á ýmsan hátt mun vinna að því að gera sögu svæðisins sýnilega og nýta hana og tengja ferðþjónustu. Annað markmið er að efla áhuga heimamanna svo þeir verði meðvitaðri um sögu og menningu sinnar heimabyggðar og menningararfurinn erfist yfir til komandi kynslóða. Allt þetta mun síðan efla ferðþjónustu á svæðinu, sem aftur styrkir svæðið í heild. Verkefnið hefur hlotið vinnuheimtið "Undan öskunni"


Aðilar að samstarfinu eru; áhugasamir íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, ferðþjónustuaðilar á svæðinu, ferðamálafulltrúi, skóli, handverkshópurinn á Þingborg og einnig er Fornleifavernd ríkisins í góðu samstarfi. Í klasanum er samankomið fólk með fjölbreytt áhugasvið og mismunandi þekkingu og sérhæfingu. Hópurinn er þegar með fjölmargar hugmyndir. Halda ýmskonar námskeið; um forn handverk, víkingaklæði, vattarsaumur, skógerð, spjaldvefnað, smíðar, matarhefðir, jurtir, þróa tónlistarprógram, nemendaverkefni.

Leiksýning um Gauk á Stöng verði e.t.v. sett upp í Þjóðveldisbæ. Til er saga um ævi og ástir svæðishetjunnar Gauks Trandilssonar. Þar mætti einnig setja upp ýmsar þjóðlegar skemmtanir. Skipulagðar ferðir í Þjósárdal, með leiðsögn. Þessu tengjast einnig hugmyndir Fornleifaverndar ríkisins um að efla aðgengi að rústunum á Stöng fyrir ferðamenn.



## Safnaklasi

Er samstarf allra safna og sýninga á Suðurlandi. Fyrsta verkefnið var að gefa út sameiginlegt kynningarefni, bækling yfir öll söfn og sýningar sem mikill fengur er í, þetta er góður upplýsingagrunnur. Og á árinu var haldin fyrsta safnahelgi á Suðurlandi sem tókst með miklum ágætum. Safnahelgin var einnig tengd matarklasa Suðurlands og úthlutun styrkja Menningarráðs Suðurlands. Væntanlega verður safnahelgi á Suðurlandi árviss viðburður. Fleiri verkefni eru fyrirhuguð síðar. Ferðamálafulltrúi hefur tekið þátt í þessu samstarfi.



## Markaðsstofa

Markaðsstofa Suðurlands SES var stofnuð síðla árs 2008, forsaga málsins er orðin æði löng og flókin, en vonandi er málið komið í varanlegan farveg. Stofnfélagar Markaðsstofu Suðurlands SES eru Ferðamálasamtök Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Rúnturinn í Rangárþingi (Markaðsstofan ehf/South) og Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu.

Ein helsta ástæðan fyrir því að markaðsstofan varð að veruleika í þessari atrennu er að á Ferðamálaþingi sl. haust tilkynnti Iðnaðarráðherra að nú yrði gert átak og m.a. yrði 80 milljónum varið í landshlutastofur á árinu til markaðssetningar á landsbyggðinni. Ljóst var að þeir landshlutar sem ekki áttu markaðsstofu myndu missa af þeim peningum. Þeir sem ekki voru tilbúnir tóku sig til og landshlutastofurnar eru nú 7 talsins; Á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi, Reykjanesi og Höfuðborgarstofa. Fundað hefur verið um skiptingu fjárens og mun hver stofa fá sex og hálf milljón beint til sín. Einnig munu 11 milljónir fara í sameiginleg verkefni landshlutastofanna þ.e. í sameiginlegar rannsóknir og stefnumótun og í sameiginleg kynningarverkefni. Síðan verða til aðrir verkefnatengdir pottar. Auk þessa fékk Markaðsstofa Suðurlands SES þrjár milljónir á fjárlögum. Fyrirhugað var að Ferðamálastofa myndi gera langtímasamninga við landshlutastofurnar líkt og menningarsamningana til 3-4 ára, en það er ekki orðið að veruleika ennþá, þessi samningur er aðeins til eins árs. En ferðamálastjóri hefur lýst yfir vilja til að vinna áfram að því að koma málinu í fastan farveg og tryggja rekstrargrundvöll landshlutastofa.

Forgangsverkefni nýrrar markaðsstofu er mörg, m.a. sameiginleg heimasíða fyrir Suðurland og sameiginlegt kynningarefni. Það er mikilvægt fyrir ferðamenn að finna allar upplýsingar um landshluta á einum stað.

## Meningarmiðlunarhópur

Nókkir aðilar á svæðinu sem starfa við miðlun menningar hafa verið að þróa með sér samstarf.

## Tjaldsvæðahópur

Á sameiginlegum fundi forsvarsmanna allra tjaldsvæða í Uppsveitum voru ræddar hugmyndir um samstarf.



## Konuhópur

Nýlega tóku sig saman lítil kvennahópur með áhuga á samvinnu um atvinnuskapandi verkefni.

### Samhristingur á Flúðum og nágrenni

Efnt var til vorferðar ferðapjónustuaðila í Hrunamannahreppi með svipuðu sniði og gert hefur verið áður. Ferðapjónustuaðilar ásamt sveitarstjóra og ferðamálafulltrúa ferðuðust í rútu á milli allra ferðapjónustustaða í Hrunamannahreppi og hver og einn aðili kynnti sig og sína starfsemi fyrir hópnum. Að lokum var sest niður í kaffi á Hótel Flúðum þar sem hópurinn ræddi saman og spáði í ferðamálin og framtíðina saman. Þetta var mjög góður dagur og margt rætt. Markmið ferðarinnar er að kynnast betur starfsemi hvers annars, stilla saman strengi og efla samstöðu.



## 3. Fjölbreytt verkefni

### Sögutengd ferðapjónusta

Vaxandi áhugi og áhersla er á menningartengda ferðapjónustu á Íslandi í dag. Uppsveitir Árnassýslu eru virkir þátttakendur í Samtökum um sögutengda ferðapjónustu. Mikil gróska var í félaginu á árinu, félögum fjölgaði og koma þeir úr öllum landshlutum, unnið var að mörgum verkefnum. Sameiginleg markaðssetning sögustaða, sameiginlegt kynningarefni, fræðslufundir, námsferð, kynningar, málþing og erlent samstarf svo fátt eitt sé nefnt. Nú er unnið að gerð þema-ferðapakka „sögunslóðapakka“ um svæði og milli svæða. Fyrsta slík ferð var farin á árinu og í hana boðið ferðaskrifstofum og blaðamönnum frá Þýskalandi. Farið var frá Rvk um Borgarfjörð og yfir í Uppsveitir Árnassýslu.

Helsta markmið samtakanna er að vera samvinnu- og samráðsvettvangur þeirra er stunda sögutengda ferðapjónustu á Íslandi. Auk þess er markmiðið að auka samvinnu í kynningarmálum, gæðamálum og stuðla að aukinni fagmennsku. Ferðamálafulltrúi Uppsveitanna er einn af stofnfélögum samtakanna og stjórnarmaður. Í samtökunum eru m.a. Þingvellir, Skálholt og Þjórsárdalur. Heimasíða samtakanna er [www.sagatrail.is](http://www.sagatrail.is). (Samstarf þetta var tilnefnt til viðurkenningar *Skandivavian Travel Award 2007*).



### Saga Maps – Leonardo yfirfærsluverkefni

Þetta verkefni hélt áfram á árinu þ.e. samstarfsverkefni um sögunslóðir og þemakort með Ungverjalandi, Noregi og Skotlandi, sem Uppsveitir Árnassýslu eiga aðild að. Gefin varða út þemakort í tengslum við þetta verkefni.

### Matur úr heimabyggð – Matarklasi Suðurlands

Hugmynd um verkefni sem tengdist matvælum úr heimabyggð vaknaði m.a. í Uppsveitaklasanum árið 2007. Næsta skref var samvinna við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands sem hafði fundið þennan áhuga víðar og málþingið “Suðurland bragðast best” var afrakstur þeirrar samvinnu. Undirbúningur fór fram síðla árs 2007, en málþingið var haldið í janúar 2008. Meginmarkmiðið málþingsins var að vekja athygli á framboði og nýsköpun í



matvælaframleiðslu á Suðurlandi og að hvetja Sunnlendinga til þess að nýta matvæli úr heimabyggð, ekki síst þá sem stunda veitingarekstur og ferðaþjónustu.

Kynnt voru fjölbreytt verkefni einstaklinga og samstarfshópa í því skyni að miðla af reynslu þeirra sem eru að framleiða og markaðsetja matvæli víða um land. Í tengslum við málþingið kynntu matvælaframleiðendur á Suðurlandi vörur sínar fyrir gestum.

Málþingið tókst mjög vel, þátttakendur voru um 100 talsins, fyrirlestrar mjög fróðlegir. Í framhaldi af málþinginu var svo stofnaður Matarklasi Suðurlands með þátttöku ferðaþjónustuaðila og matvælaframleiðenda á Suðurlandi. Unnið er að tengingum þar á milli auk þess sem gefið verður út sameiginlegt kynningarefni, logo o.s.frv.

### **Ferðamannaleiðir samstarfsverkefni; VSÓ, Vegagerðar og ferðamálafulltrúa**

Spennandi nýtt verkefni leit dagsins ljós á árinu „Ferðamannaleiðir“. Verkefnisstjóri er Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt hjá VSÓ Ráðgjöf. Einnig komu að verkefninu aðrir starfsmenn hjá VSÓ og fulltrúar Vegagerðar auk ferðamálafulltrúa. Verkefnið er langt komið og var kynnt á haustráðstefnu Vegagerðar ríkisins og fékk þar góðar viðtökur. Skýrsla um verkefnið verður tilbúin innan skamms. Hér á eftir fer brot úr lýsingu verkefnisstjóra á verkefninu.



#### **Ferðamannaleiðir- ferðamannavegur**

Verkefnið fjallar um ferðamannavegi og ferðamannaleiðir. Gerð verður athugun á stöðu mála hér á landi, hvort og hvernig eigi/megi skilgreina suma tengivegi og landsvegi sem ferðamannavegi. Greint verður frá erlendum fyrirmyndum t.d í Noregi og í Bandaríkjunum. National Scenic Byways Program (NSBP) hjá US- Department of Transportation skoðað og leitað dæma um Parkway og Scenic Byway. Greint verður frá hvaða hönnunarskilyrði og öryggisákvæði liggja til grundvallar og hvernig kröfum sé viðhaldið til að flokkast til NSBP-vega.

Tekin verða dæmi í Uppsveitum Árnessýslu og skoðaðar leiðir sem eru fjölfarnar ferðamannaleiðir. Vegakerfið skoðað með hliðsjón að sjónarmiðum ferðaþjónustunnar. Greint verður frá hvaða atriði það eru helst sem ber að hafa til viðmiðunar ef leið er skilgreind ferðamannaleið. Settar fram tillögur um aðgerðir s.s leiðbeinandi merkingar, frágang að aðliggjandi umhverfi og vegkröfur fyrir ferðamannaveg.

Markmið verkefnis er tvíþætt; annars vegar innlegg í umræðu um vegagerð, þar sem ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og rétt er um fjölfarnar ferðamannaleiðir. Hinsvegar að leggja mat á hvort bæta megi öryggi ferðamanna með því að auðkenna og skipuleggja sérstakar ferðamannaleiðir og auðkenna tengivegi og landsvegi sem ferðamannavegi.“

### **Fornleifavernd og verkefni**

Ýmsar hugmyndir urðu til við gott samstarf ferðamálafulltrúa og Fornleifaverndar ríkisins á árinu, sem verið er að vinna að. Staðsettar hafa verið friðlýstar minjar í Þjórsárdal, sumar þeirra merktar og kort er í farvatninu.

## Uppsveitabrosið

“Uppsveitabrosið” er viðurkenning sem veitt er árlega einstaklingi eða fyrirtæki. Bros frá Uppsveitunum til þeirra sem hafa lagt ferðþjónustunni á svæðinu lið á jákvæðan uppbyggilegan hátt og stuðlað að samvinnu. Markmiðið er að senda út jákvæð skilaboð og vekja athygli á því sem vel er gert. Uppsveitabrosið hefur einnig mikið kynningargildi fyrir svæðið.



Uppsveitabrosið var nú afhent í fimmta sinn 2008. Að þessu sinni voru það lækarnir í Laugarási þeir Gylfi Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson sem hlutu brosið. Í sveitarfélögunum fjórum sem eiga aðild að Laugarás læknishéraði eru um 2.600 íbúar og búa þeir við frábæra lækniþjónustu. En yfir 500.000 ferðamenn heimsækja svæðið á hverju ári og þar eru um 5000 sumarhús. Þrátt fyrir að lækniþjónusta sé ekki almennt talin til ferðþjónustu er ljóst að tenging er þar á milli og fleiri en íbúarnir leita til læknanna í Laugarási. Þeir ferðamenn sem hafa vegna slysa eða veikinda þurft að leita til læknanna hafa verið undrandi og þakklátir. Það er ekki sjálfgefið að hafa svo gott aðgengi að lækniþjónustu hvort sem miðað er við aðra landshluta eða önnur lönd.

Lækarnir hljóta Uppsveitabrosið 2008 fyrir einstaka lækniþjónustu og góða samvinnu. Brosið er óáþreifanlegt, en því fylgir ávallt hlutur sem handverks- eða listamaður í Uppsveitunum býr til hverju sinni og í ár var það handverkskonan Helga Magnúsdóttir, í Bryðjuholti sem gerði gripina, útskornar íslenskar fornhetjur.

Hugmyndin að “Uppsveitabrosinu“ kviknaði í stefnumótunarvinnu sem fram fór 2003.

Fyrsta Uppsveitabrosið 2004 hlaut Ferðþjónusta bænda, fyrir vinnu að gæðamálum og góða samvinnu, Berglind Viktorsdóttir gæðastjóri tók við brosinu f.h. FB.

Rögnvaldur Guðmundsson, hjá Rannsóknir og ráðgjöf ferðþjónustunnar hlaut brosið 2005 fyrir góða samvinnu og vinnu í ferðamálum í Uppsveitum Árnassýslu.

Útflutningsráð fékk Uppsveitabrosið 2006, fyrir vaxandi tengsl við ferðþjónustuna og góða samvinnu.

Inga Hlín Pálsdóttir verkefnisstjóri tók við brosinu f.h.Útflutningsráðs.

2007, hlutu þær Steingerður Hreinsdóttir og Sædis Íva Elíasdóttir, ráðgjafar hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands Uppsveitabrosið fyrir framúrskarandi samvinnu.

## Uppsveitadagatalið

Nýtt verkefni, Uppsveitadagatalið hóf göngu sína 2008. Ferðamálafulltrúi fékk hugmyndina að verkefninu í samstarfi við Trondarnes Distrikt Museum í Harstad í Noregi, en þar hefur verið gefið út sögutengt dagatal síðastliðin 20 ár. Gefið verður út dagatal með mismunandi myndapemum úr Uppsveitum Árnassýslu ár hvert í samstarfi við heimamenn í sveitunum fjórum. Þema fyrsta dagatalsins sem gefið var út af ferðamálafulltrúa byggði á myndum úr myndasýningunni *Mannlíf í Biskupstungum* sem unnin var af Skúla Sæland sagnfræðingi fyrir Skálholt. Hvert eintak er númerað í þeim tilgangi að auka söfnunargildi útgáfunnar.

Uppsveitadagatalið 2009 kom út í lok árs 2008. Myndirnar í því eru fengnar úr myndasöfnum tvíburabræðranna Sigurgeirs og Sigurðar Sigmundssona frá Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi. Báðir mynduðu þeir atburði og mannlíf í nágrenni sínu auk þess sem Sigurður gerðist atvinnuljósmyndari og fréttaritari fyrir Mbl. Í dagatalinu má greina sjónarhorn bræðranna á mannlífið í Uppsveitunum. Ljósmyndasýning í Skálholti er nefnist *Sveitasýn. Sjónarhorn Sigga í Syðra á uppsveitir Árnassýsu* sýnir myndir Sigurðar enn frekar. Útgefendur dagatalsins 2009 er Menningarmiðlun ehf. í samstarfi við Sigurð Sigmundsson og Skálholtsstað. Hrunamannahreppur og Menningarráð Suðurlands veittu stuðning við útgáfu dagatalsins og uppsetningu ljósmyndasýningarinnar.

## 4. Útgáfa, markaðssetning og kynning


Lögð er áhersla á að styrkja og efla ferðþjónustu með öflugri kynningastarfi inn á við og út á við. Uppsveitirnar eru kynntar sameiginlega sem eitt svæði.

### Myndir

Mikil eftirspurn er eftir myndum af svæðinu. Alls kyns myndum af náttúru á öllum tímum árs m.a. fyrir ýmsar vefsíður og bæklinga hérlendis og erlendis. Ferðamálafulltrúi tekur mikið magn af myndum, safnar og sendir til ferðaskrifstofa og ýmissa aðila og er það góð leið til kynningar. Einnig eru myndirnar notaðar í kynningar, auglýsingar og fyrirlestra.

### Uppsveitakortið 2008.

Sameiginlegt kynningarefni svæðisins er Uppsveitakortið sem gefið er út, endurskoðað og yfirfarið árlega, það þykir mjög gott og er mikið notað. Tími var kominn til að þróa kortið og var því breytt nokkuð árið 2008. Kortið er fjármagnað af sveitarfélögunum.



### Uppsveitasíðurnar [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Uppsveitasíðurnar eru gott vinnutæki þar eru geymdar tæmandi upplýsingar um alla ferðþjónustuaðila á svæðinu og tenglar inn á þeirra heimasíður sem gott er að benda á. Þar geta ferðþjónustuaðilar fengið fríja kynningu á því sem þeir bjóða uppá og einnig eru kynntir viðburðir á síðunni.

Síðurnar [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is) eru tengdar netsíðum sveitarfélaganna fjögurra og inn á ýmsa kynningarvefi. Leitast er við að setja reglulega inn nýjar fréttir og myndir á vefinn. Síðurnar eru fjármagnaðar af sveitarfélögunum. Á síðunni má fylgjast með afrakstri verkefnisins *Sögubrot síðustu alda* sem er rafrænt menningarmiðlunarverkefni, styrkt af Menntamálaráðuneyti. Núverandi síður voru hannaðar af hugbúnaðarfyrirtækinu Dacoda og nemendum í tölvunarfræði við Háskólann í Rvk. Hins vegar urðu upphaflegu Uppsveitasíðurnar til sem þróunarverkefnið Icefire í samvinnu við ML.

### Kynningarbæklingur um Suðurland.

Á árinu kom út sameiginlegur bæklingur fyrir Suðurland. Ferðamálafulltrúi tók þátt í textavinnu og myndaöflun.

### Auglýsingar

**Vegahandbókin** Uppsveitirnar voru kynntar í Vegahandbókinni þ.e. íslenskrri og enskrri útgáfu.

**Á ferð um Ísland /Around Iceland.** Uppsveitirnar voru kynntar sem heild í ferðahandbókunum á íslensku, ensku og þýsku sem gefnar eru út af Heimi og eru mikið notaðar af ferðamönnum innlendum sem erlendum. Þar birtist sameiginleg kynningasíða Uppsveitanna með netföngum og myndum. Í ritinu eru þjónustulistar yfir ferðþjónustu á svæðinu og yfirfer ferðamálafulltrúi þá lista og leiðréttir fyrir útgáfufyrirtækið árlega.

## Ferðasýningar

### VestNorden ferðakaupstefnan

VN ferðakaupstefnan var í ár haldin í Reykjavík í september og var þátttaka Uppsveitanna þar með hefðbundnum hætti. Ferðamálafulltrúi var í undirbúningshóp og tók þátt í VN fyrir hönd Uppsveitanna í samvinnu við Ferðamálasamtök Suðurlands. Annaðist svæðiskynningu í máli og myndum fyrir þátttakendur, tók viðtöl og skipulagði einnig kynningarferð fyrir erlendu gestina um okkar svæði.



### Mid Atlantik

Ferðakynning á vegum Flugleiða er haldin í febrúar ár hvert í Reykjavík. Þar hefur Suðurland verið kynnt sameiginlega undanfarin ár. Uppsveitirnar eiga sinn ferðamálafulltrúa þar sem kynnir svæðið.

**Sýningin Ferðatorg** í Smáralind féll niður 2008 vegna dræmrar þátttöku.

### Erlendar kynningar

Í samvinnu við skrifstofu Ferðamálastofu í Danmörku bauðst Sunnlendingum að kynna svæði sitt sameiginlega í Kaupmannahöfn í október 2008. Ferðamálafulltrúi annaðist þar kynningu í máli og myndum fyrir ferðaskrifstofufólk frá Danmörku og Svíþjóð og lagði sérstaka áherslu á „wellness“ benti á hreint vatn, hreint loft, víðáttu, hreina orku, hollan mat úr heimabyggð, hvers kyns holla útivist, gönguferðir, veiði, golf o.s.frv.



### Ferðaskrifstofur.

Tengslum við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur er markvisst sinnt með því að senda kynningarefni og miðla upplýsingum um þjónustu og tækifæri á svæðinu.

## Fjölmiðlar

Ferðamálafulltrúi á farsæl samskipti við fjölmiðla.

- Sendir reglulega tilkynningar um uppkomur og þjónustu á svæðinu.
- Útvarpsstöðvar hringja gjarnan í ferðamálafulltrúa og fá skýringar eða viðtöl.
- Greinaskrif í blöð.
- Fylgir fast eftir að nýjir aðilar fá umfjöllun! og svarar óskum fjölmiðlamanna um ábendingar.
- Tekur þátt í að skipuleggja heimsóknir innlendra og erlendra fjölmiðlamanna og greiða götu þeirra.



Mjög mikilvægt er að taka vel á móti fjölmiðlamönnum sem vilja fjalla um svæðið og kemur það oft í hlut ferðamálafulltrúa að skipuleggja slíkar heimsóknir eða taka þátt í því. Nokkrir slíkir koma á hverju ári í Uppsveitirnar. Góð fjölmiðlaumfjöllun er gulls í gildi. Ekkert gerist að sjálfu sér!

## 5. Upplýsingagjöf, kynning - Viðburðir

Upplýsingamiðlun verður æ mikilvægari vegna breytinga á ferðamynstri. Ferðamenn skipuleggja nú í auknu mæli ferðir sínar sjálfir og krefjast aðgengilegra upplýsinga. Góð samvinna er við Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði sem vinnur fyrir allt Suðurland.

Sem fyrr aðstoðar ferðamálafulltrúi ýmsa aðila við að kynna og undirbúa fjölbreytta viðburði og uppákomur allt árið. Góð virkni er á hverjum stað og hlutaðeigandi aðilar sem stýra viðburðum, en ferðamálafulltrúi aðstoðar á ýmsa vegu. Ennfremur kynnr ferðamálafulltrúi reglulega framboð og nýjungar í ferðaþjónustu á svæðinu svo og menningarviðburði og uppákomur.

### Grímsævintýri og Uppsveitavíkingurinn 2008

Grímsævintýri er árviss viðburður aðra helgi í ágúst, þá er haldin hátíð og útmarkaður á Borg. Undanfarin ár hefur þessi hátíð vaxið og fleiri aðilar í sveitinni hafa tekið þátt með tilboðum og uppákomum. Fastur liður á Grímsævintýrum er kraftakeppni um titilinn Uppsveitavíkingurinn. Fjöldi fólks kemur að undirbúningi og skipulagi Grímsævintýra og undirbúningsnefnd stýrir verkefninu. Ferðamálafulltrúi hefur starfað með þeim. Uppsveitavíkingurinn 2008 er Kristinn Óskar Haraldsson.



### Flúðir

Fastir liðir eins og Furðubátakeppni og Traktorstorfæra eru á dagskrá á Flúðum um Verslunarmannahelgina. Ýmsir aðilar í Hrunamannahreppi annast framkvæmdina.

Fram eru komnar spennandi hugmyndir um „Grænmetisdag“ eða uppskeruhátíð í ágúst 2009, gaman verður að vinna að því. Þar verður einnig opnað nýtt tjaldsvæði ú sumar.



### Landnámsdagur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Hátíð sem haldin var fyrst 2004 og svo aftur 31. maí 2008, ferðamálafulltrúi var í framkvæmdahóp Landnámsdags.

Landnámsdagur 2008 tókst vel. Þrátt fyrir að dagurinn væri haldinn í skugga jarðskjálftanna á Suðurlandi, var aðsókn mjög góð og menn áttu saman góðan dag. Víkingar brugðu á leik fyrir utan Þjóðveldisbæinn, handverksfólk var við vinnu sína inni í bænum, sagnamenn stígu á stokk og sögðu sögur af landnámsmönnum, tónlistarfólk flutti þjóðlög, söng og spilaði á hljóðfæri, boðið var upp á kjötsúpu og reykt sauðalæri hengu uppi. Ákveðið hefur verið að halda landnámsdag annað hvert ár.



### Hollvinir Grímsness

Tvær helgar sl. sumar efndu Hollvinir Grímsness til menningarviðburða að Borg í Grímsnesi. Dagskráin sótti efniviðinn í atvinnusögu sveitarinnar og átti að minna á blómaskeið sveitanna upp úr miðri síðustu öld. Sýndar voru nokkrar af fyrstu dráttarvélum sveitarinnar ásamt myndbandi og frásögnum og gamlar ljósmyndir af fólki í sveitinni við bústörf. Þá var handverkssýning þar sem handverksfólk sat við störf sín.

## 6. Samvinna innanlands og utan

Ferðapjónusta byggist á samvinnu ýmissa aðila innan svæðis og utan og þrífst alls ekki án hennar. Markvisst er unnið að samvinnu innan svæðis, við önnur svæði, félög og stofnanir. Sameiginleg kynning og markaðssetning ferðatilboða hefur farið fram á ferðakaupstefnum hér heima og erlendis.

Góð samvinna hefur skapast við Ferðamálasamtök Suðurlands, sem hefur m.a. snúist um að nýta sem best sameiginlegt fé til markaðssetningar landshlutans. Og nú hafa samskipti og samvinna við aðra landshluta eflst til mikilla muna og mörg sameiginleg verkefni hafa verið og verða unnin á þeim vettvangi á næstunni.

Samvinna milli ferðapjónustuaðila inna svæðis er almennt góð og einkennist af því að þeir vísa hver á annan og ræða málin sín á milli þegar við á. Minna ber á spennu en áður þó ákveðin samkeppni sé til staðar og aðeins af hinu góða. Það sem gildir er að fá ferðamanninn til að stoppa sem lengst innan svæðis, það kemur öllum til góða.

Góð samvinna hefur verið á árinu sem fyrr við ráðuneyti, ráðherra, þingmenn, ýmsar nefndir, Samtök ferðapjónustunnar (SAF), Ferðamálasamtök Íslands (FSÍ), Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Menningarfulltrúa Suðurlands, Umhverfisstofnun, Impru, Fonleifavernd ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skálholtsstað, Þjóðminjasafn, Landsvirkjun, Hólaskóla, Háskóla Íslands, MK o.fl. o.fl. Ýmis verkefni hafa orðið til við þessa samvinnu.

### Ímyndarsköpun

Mjög mikilvægt er að huga vel að ímynd lands og þjóðar á nýjan leik eftir „hrunið“ á Íslandi. Ljóst er að ímynd landsins hefur skaðast verulega og nú þarf að byggja upp og allir verða að hjálpast að. Ferðamálafultrúi hefur tekið virkan þátt í umræðu um ímynd Íslands og aðgerðum. Ferðamálastofa hefur haldið kynningarfundi víða um heim og reynt að sannfæra menn um að það sé ennþá óhætt og gott að ferðast til Íslands.

Nefnd á vegum frosætisráðuneytis greindi á síðasta ári þáverandi stöðu ímyndarmála Íslands, mótaði drög að stefnu í þessum málaflokki og lagði fram tillögur að skipulagi og aðgerðum til að styrkja ímynd Íslands.

- a) Fyrir hvað Ísland á að standa í hugum Íslendinga og annarra þjóða.
- b) Hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að skapa, miðla og viðhalda sterkri ímynd lands og þjóðar?

Þetta þarf allt að skoða vel nú og e.t.v. endurskoða í ljósi breytinganna sem orðið hafa og ráðast í öfluga jákvæða uppbyggingu.

### Ferðamálastofa og Iðnaðarráðuneyti

Gott samstarf hefur verið við Ferðamálastofu, ferðamálastjóra og ráðuneyti ferðamála. Ferðamálafultrúi miðlar upplýsingum til skrifstofa þeirra hérlendis/erlendis og svarar ýmsum erindum þeirra. Oft kemur í hlut ferðamálafultrúa að semja greinargerðir um fyrirtæki og umsagnir um mál vegna erinda til ráðuneyta og annarra opinberra stofnana. Á árinu færðust ferðamálin frá Samgönguráðuneyti yfir í Iðnaðarráðuneyti og 2009 verður skrifstofum Ferðamálastofu í Þýskalandi og Danmörku lokað og starfsemin færð inn í sendiráðin þar og víðar um heim.

## Samstarf við félög og stofnanir

Ferðamálafulltrúi er í góðu samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands varðandi verkefni og ráðgjöf. Er í samráðshóp menningarfulltrúa Suðurlands. Fundar reglulega með Fornleifavernd ríkisins vegna verkefna. Virkt samstarf við skóla sem kenna ferðamálafræði. Situr fundi stjórnar Ferðamálasamtaka Suðurlands, er í undirbúningshóp fyrir ferðasýningar innanlands og utan. Ferðamálafulltrúar á landsvísu hafa með sér virkt samstarf svo og fulltrúar Markaðsstofa landshlutanna.

## Erlend samvinna - Ímynd lands og þjóða

Í ferðaþjónustu er erlend samvinna afar mikilvæg og fer ört vaxandi. Það er mikilvægt fyrir okkur að taka þátt í erlendu samstarfi og afla nýrrar þekkingar frá þeim sem lengra eru komnir.

Námsferð til Isle of Man “Samtök um sögutengda ferðaþjónustu” er samstarfsvettvangur fólks sem vinnur að uppbyggingu sögutengdrar ferðaþjónustu um allt Ísland. Hópur félaga áttu þess kost nýverið að heimsækja Isle of Man með starfsmenntastyrk frá Leonardo mannaskipaáætluninni. Ástæðan fyrir því að Isle of Man eða Mön varð fyrir valinu er sú að þeir eru í fremstu röð í Evrópu í uppbyggingu sögutengdrar ferðaþjónustu og hafa hlotið fyrir það fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar.



Mön er lítil eyja í Írlandshafi undan vesturströnd Bretlands með um 80.000 íbúa. Við eigum ýmislegt sameiginlegt með þeim eyjaskeggjum, en bakgrunnur þeirra er bæði norrænn og keltneskur. Eyjan tilheyrir Bretlandi, en hefur sína eigin stjórn og telja þeir sig eiga elsta samfelld starfandi þing í heimi “Tynwald” og þar koma menn saman árlega enn í dag. Um þetta skapaðist skemmtileg samræða og í farvatninu er samstarfverkefni milli fornu þingstaðanna tveggja Tynwald og Þingvalla.

Isle of Man á sér 10.000 ára sögu, sem þeir miðla á áhugaverðan máta og nýta markvisst til eflingar ferðaþjónustu og sjálfsvitundar heimamanna. Hópnun frá Íslandi gafst á einni viku tækifæri til að heimsækja flesta staði á söguhringnum þeirra, sem samanstendur af söfnum, sýningum, fornminjum, sögustöðum og náttúruperlum. Staðirnir lúta allir sömu stjórn, Manx National Heritage (MNH) sem er eins konar þjóðmenningarstofnun, sem stendur vörð um eignarhald, uppbyggingu og umsjón. Þeir tengja saman staði, themu og sögu fólksins og kynna undir einum hatti “The Story of Mann “ Forsvarsmenn og starfsfólk Manx National Heritage voru gestgjafar okkar og við fengum hvarvetna höfðinglegar móttökur.

Við lærðum margt í ferðinni og sáum m.a. í verki að sögutengd ferðaþjónusta er sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu, en ekki síður mikilvægur þáttur í sjálfsmynd og þjóðarstolti. Rík áhersla er lögð á að fræða heimamenn um menningararfinn. Öflug samvinna er milli MNH, menntamálaráðuneytis og skóla um gerð námsefnis og skólaheimsóknir. Mön var þekktur ferðamannastaður fyrir á öldum, hvítar strendur voru þéttsetnar á 19. öld, en með nýjum áfangastöðum hurfu ferðamennirnir. Það var ekki fyrir en löngu seinna að ákveðið var snúa vörn í sókn, ráðast í átaksverkefni, efla ferðaþjónustu og sjálfsmynd og nota menningu og sögu sem útgangspunkt. Verkefnið sem hófst fyrir aðeins 20 árum hefur heldur betur skilað árangri. Um hálf milljón gesta heimsækir árlega “The Story of Mann” og atvinnulíf blómstar í tengslum við það.

## 7. Umhverfismál

Umhverfismál og ferðamál eru samofin. Ferðamálafulltrúi sendir ábendingar og vekur athygli á því sem vel er gert og ekki síður því sem betur má fara á þeim vettvangi. Á hverju ári úthlutar Ferðamálastofa styrkjum til úrbóta í umhverfismálum og hefur ferðamálafulltrúi sótt um árlega og aðstoðað fjölda fólks við að sækja um slíka styrki. Einnig eru hverju ári veitt umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs og sér ferðamálafulltrúi um að tilnefna aðila frá okkar svæði. Við verðum til dæmis að standa vörð um fjölsóttu ferðamannastaði og hafa hlutina í lagi. Það er oft erfitt og langsótt og má nefna Geysissvæðið sem gott dæmi um það. Þar standa eignarhaldsmál standa í vegi fyrir nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi. Ríkið þarf að semja við landeigandur sem allra fyrst svo svæðið skemmist ekki endanlega, en málið hefur þvælst í nefndum um árabíl án árangurs.

## 8. Námskeið – símenntun

Ferðapjónustuaðilar hafa greiðan aðgang að vönduðum endurmenntunarnámskeiðum á hverju ári. Fræðslunet Suðurlands, Hólaskóli, Endurmenntun HÍ, Samtök ferðapjónustunnar, Ferðapjónusta bænda, Bandalag farfugla, Ferðamálastofa, Útflutningsráð og fleiri aðilar annast fjölbreytt námskeiðahald. Ferðamálafulltrúi virkar sem faglegur ráðgjafi, er milliliður milli stofnana og ferðapjónustuaðila og kynnir þá möguleika sem í boði eru.

## 9. Samgöngur - Merkingar

Í þeim málaflokki eru bæði jákvæðar fréttir og neikvæðar.

Nú eru spennandi tímar framundan tvær brýr verðar byggðar á árinu sem munu opna ný tækifæri í Uppsveitunum þ.e. brú yfir Hvítá og brú yfir Þjórsá ☺

En því miður hafa almenningssamgöngur versnað verulega að undanfögnu á svæðinu ☹

Samgöngur eru einn af grunnþáttum ferðapjónustu og til að ferðapjónusta nái að þrífast þarf aðgengi að vera gott. Kröfurnar aukast sífellt, hraðinn er mikill og allt þarf að gerast strax. Vegir, brýr, háhraðanet og gsm samband, allt verður þetta að mæta kröfum nútímans. Mikilvægt er að merkingar séu í lagi, svo ferðamenn komist greiðlega á áfangastað og finni auðveldlega þá þjónustu sem er í boði.! Þau mál eru víða komin í góðan farveg, en sífellt þarf að bæta við og gera betur. Til að ná settum markmiðum varðandi bættar samgöngur fyrir alla umferð er mikilvægt að menn vinni vel saman. Ferðamálafulltrúi sendir gjarnan upplýsingar og ábendingar til Samgönguráðuneytis, Vegagerðar og rútuþyrirtækja. Vonandi halda menn áfram að þrýsta á úrbætur í þessum mikilvæga málaflokki.



Ferðamálafulltrúi tekur við ábendingum um það sem betur má fara varðandi merkingar, sækir um styrki til merkinga og hefur gjarnan umsjón með skiltagerð.

## 10. Aðrar fréttir af starfsvettvangi

### Styrkir

Sótt var um fjölda styrkja árinu, ferðamálafulltrúi aðstoðaði sem fyrir bæði einstaklinga og félög við umsóknir. Fjáröflun gekk ágætlega, styrkir fengust til góðra verka víða. Allir eru hvattir til að sækja um og hafa samband, ferðamálafulltrúi sem getur aðstoðað við að sækja um. Styrkir fengust frá Ferðamálastofur, einnig fengust styrkir frá Atvinnuþróunarfélagi-, Menningarsjóði- og Vaxtasamningi Suðurlands, Impru, Leonardo, Umhverfissjóði Verslunarinnar. Samtals eru þetta töluverðar upphæðir. Árlega hefur verið sótt um til ýmissa verkefna á svæðinu auðvitað næst ekki allt í gegn en oft hafa fengist jákvæð viðbrögð. Mikill erill var við styrkumsóknir í byrjun árs 2009, fleiri tækifæri og fleiri með hugmyndir.

### Fyrirspurnir

Gífurlegt magn fyrirspurna berast ferðamálafulltrúa, á hverjum degi árið um kring er netpósti og símtölum svarað. Afar mikilvægt er að svörun sé markviss og hröð, því í nútímasamfélagi missa menn auðveldlega þolinmæði og leita annað. Það er sama frá hverjum fyrirspurnin kemur viðkomandi getur verið eða orðið ferðamaður í uppsveitunum. T.d. aðstoðar ferðamálafulltrúi gjarnan námsmenn í verkefnavinnu við að afla upplýsinga um Uppsveitirnar, þetta er góð kynning, verkefnin vekja umræðu um okkar svæði og þjónustuna þar.

Flestar fyrirspurnir varða þjónustu, ferðamöguleika og hvað svæðið hefur upp á að bjóða. Fyrirspurnir berast frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum hér á landi og erlendis, ferðaskrifstofum upplýsingamiðstöðvum og Ferðamálastofu. Ljóst er af þessu að embætti ferðamálafulltrúa Uppsveitanna er vel þekkt bæði innanlands og utan og menn kunna að meta og nýta sér þessa þjónustu. Fyrirspurnir endurspeglar einnig breytingar á ferðamynstri, þar sem æ fleiri ferðast nú á eigin vegum og leita sér sjálfir upplýsinga um áfangastað. Aukning er á ferðalögum þ.e. fólk fer oftar í frí en áður en í styttri tíma í senn. Fyrirtækjahópar, félagahópar, eldri borgarar, skólahópar o.fl. ferðast mikið um landið og þá þarf að aðstoða við undirbúning ferða. Daglegar póstsendingar skipta mörgum tugum.

### Kynningarfundir – Fræðsla - Ráðgjöf

Nokkuð er um að óskað sé eftir heimsókn ferðamálafulltrúa á fundi til kynningar og einnig að hann taki á móti hópum með fræðslu um svæðið.

*Erindi og fyrirlestrar á árinu dæmi:*

- Nemendur frá Hvanneyri/kynningarheimsóknir
- Sögutengd ferðaþjónusta; fundir/erindi.
- Félagasamtök og ferðaþjónustuaðilar.
- Útvarpsviðtöl



### *Gestakomur:*

Ýmsa gesti bar að garði, formlega og óformlega, fjölmargir hafa samband varðandi heimsóknir einstaklinga og hópa og þeim er vísað áfram á ýmsa staði miðað við óskir hverju sinni og aðstoðað við skipulag og undirbúning. Ferðamálafulltrúi hefur tekið á móti hópum og frætt þá um svæðið þegar þess er óskað.

- Erlendir blaðamenn.
- Hópur frá Eistlandi v/ Menntamálaráðuneytis, starfsmenn sveitarfélaga
- Hópur frá Noregi, frá sveitarfélögum og atvinnuþróunarfélögum
- Danaprins og prinsessa
- Ferðaskrifstofufólk íslenskt og erlent og hópur í tengslum við VN.
- Þáttagerðarmenn og fréttamenn innlendir.
- Nemendur í ferðamálafræðum
- Ljósmyndari frá Skotlandi
- Tyrkneska sjónvarpið
- Hópur ferðaskrifstofufólks og blaðamaður frá Þýskalandi.
- Nýir aðilar / nýjar hugmyndir / nokkrir á árinu

Að mynda gott tengsalnet innanlands og utan er mjög mikilvægt.



### *Ráðstefnur:*

Á ráðstefnum gefst ferðamálafulltrúa gott tækifæri til að kynna það sem er að gerast í Uppsveitunum og afla sér þekkingar og sambanda sem nýtast í starfi. Eftir ráðstefnur er fengnum upplýsingum síðan miðlað til ferðaþjónustuaðila o.fl.

Helstu ráðstefnur ársins:

- Árlegt Ferðamálaþing Ferðamálastofu
- Aðalfundur Ferðamálasamtaka Suðurlands
- Afmælisfundur Samtaka ferðaþjónustunnar SAF, málþing
- Söguhlóðir 2008 „getið í eyðurnar“
- Málþing „Suðurland bragðst best“
- Ýmsir fræðslufundir og ráðstefnur um ferðamál
- Ráðstefna um þjónandi stjórnun



### *Ýmsir fundir sýnishorn 2008*

Hér á eftir fer listi yfir ýmsa fundi sem undirrituð sótti á árinu og umfjöllunarefni þeirra. Þetta er alls ekki tæmandi listi heldur aðeins dæmi mönnum til glöggvunar. Eins og sjá má eru fundirnir margir og fjölbreytilegir.

- Fundur með forsvarsmönnum allra tjaldsvæða í Uppsveitum
- Samstarfsfundir með Menningarfulltrúa Suðurlands
- Fundir með Ferðamálastofu og ferðamálastjóra
- Fundir með stjórn Ferðamálasamtaka Suðurlands
- Fundir með ferðaskrifstofufólki í Rvk
- Fundir með ferðamálanefnd á Flúðum
- Fundir með undirbúningsnefnd Grímsævintýra
- Fundir með ýmsum félagasamtökum innan svæðis og utan.
- Fundir á auglýsingastofu v/Uppsveitakorts.
- Fundir með fjölmiðlamönnum.
- Fundir í Rvk. ýmsir staðir vegna kynningarmála.
- Undirbúningsfundir v/Vest Norden sýningar.
- Fundir v/gönguleiða.



- Fundir með nemendum
- Fundir vegna Vaxtasprota verkefnis
- Fundir v/styrkumsókna með ýmsum aðilum.
- Fundir vegna merkinga
- Fundir með Upplýsingamiðstöð Suðurlands
- Fundir með skólaráði í Skálholti
- Fundir með FFÍ félagi ferðamálafulltrúa
- Fundir vegna sýninga og ferðakynninga
- Fundir vegna heimsíðu
- Fundir vegna Leonardo verkefnis
- Fundir með Fornleifavernd ríkisins o.fl. vegna Þjórsárdalsverkefnis
- Fundur vegna Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu
- Fundir með klasaverkefnum og ýmsum verkefnum
- Fundir vegna kynningarefnis um Suðurland
- Fundir vegna undirbúnings málþinga

### *Ráðgjöf, heimsóknir og óformlegir fundir*

Ferðamálafulltrúi fer árlega í fjölda vettvangsferða til einstaklinga og í fyrirtæki, vegna starfsemi sem þegar er fyrir hendi eða nýrra hugmynda. Fyrir utan heimsóknir og fundi sem sérstaklega eru tilgreind í þessari skýrslu hefur ferðamálafulltrúi skrá yfir fjölda heimsókna. Skv. starfslýsingu: *“Í starfi sínu skal ferðamálafulltrúi gæta fyllsta trúnaðar við viðskiptavinum og ferðaþjónustuaðila á svæðinu”*.

Hluti starfsins er ráðgjöf við ferðaþjónustuaðila, handverksfólk o.fl. sem felst í margbreytilegri aðstoð. Nauðsynlegt er í flóknu umhverfi örra breytinga að hafa faglegan ráðgjafa sem getur fylgst með, aflað upplýsinga og þekkingar og miðlað áfram til þessara aðila og á það jafnt við um þá sem eru að stíga sín fyrstu skref og þá sem lengra eru komnir. Ráðgjöf og aðstoð getur varðað starfsumhverfi, reglugerðir, vörubrúun, markaðsmál, kynningarefni, fjármögnun, sölu, styrki, textagerð, bréfaskriftir, bæklingagerð, þýðingar, verkefnastjórnun, klasasamstarf svo dæmi séu nefnd.

### **Viðurkenningar ☺**

Embætti ferðamálafulltrúa hefur hlotnast hrós á árinu, sem gefur starfinu aukið gildi. Hrósað hefur verið m.a. fyrir góðar umsóknir, skjóta svörun og gott samstarf.

## 11. Að lokum

Árið 2009 hefst með miklum önnum, mun meira var að gera hjá ferðamálafulltrúa í janúar og febrúar, en undanfarin ár. Alls kyns átaksverkefni og aðgerðir hafa verið í umræðunni og mjög er litið til ferðapjónustunnar um að hjálpa til við enduruppbyggingu efnahagslífsins og gjaldeyrisöflun. Ferðapjónustuaðilar vilja gefa í á ýmsum sviðum því spáð er að Íslendingar muni ferðast meira innan lands en utan á þessu ári. Þess vegna hafa margir farið af stað með hugmyndavinnu og vöruþróun til að bregðast við. Einnig hafa ýmsir komið fram með nýjar hugmyndir sem oft vill verða í slíku árferði, þá hugsa menn gjarnan á nýsköpunarnótum.

Ferðamálafulltrúi hefur rætt við fjölmarga ferðapjónustuaðila að undanfögnu og gegnumgangandi eru þeir frekar bjartsýnir, þrátt fyrir ýmsa óvissuþætti eins og hjá landsmönnum öllum. Það er mjög jákvætt að víða hefur verið töluvert að gera undanfarið og bókanir líta víðast hvar vel út.

Það má segja að árið 2008 hafi einkennst af mjög vaxandi áhuga á menningar- og sögutengdri ferðapjónustu. Einnig voru samstarfshópar áberandi og áhugi á samvinnuverkefnum. Enn felast fjölmörg sóknarfæri á vettvangi menningarferðapjónustu hér á landi, sem verða nýtt á næstu árum. Ferðapjónustuaðilar huga í auknu mæli að sögu og menningu í sínu nánasta umhverfi og nýta hana sem sína sérstöðu. Þegar er menningin nýtt á ýmsa vegu, boðið er í heimsókn í garðyrkjustöðvar og heim á sveitabæi, saga og sagnir af svæðinu nýttar, sönghópar, sagnamenn o.fl. Einn liður í menningartengingu er að nýta matvæli úr heimbyggð og er mikil vakning í þá veru.


Það er hefðbundið að enda á að minna á mikilvægi *jákvæðni*.

Án jákvæðni náum við ekki árangri. Við verðum að vera gestrisin og leggja áherslu á gæði. Orðsporið er dýrmætasta auglýsingin. Samvinna sveitarfélaga í Uppsveitum Árnassýslu á vettvangi ferðamála hefur verið farsæl og framundan er áframhaldandi hugmyndavinna og fjölbreytt verkefni.

Ferðamálafulltrúi þakkar frábært samstarf á árinu innan svæðis og utan að fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum. Mikill erill í byrjun árs 2009 boðar gott. Það er ótrúlegt hvað ferðapjónustan er bjartsýn þrátt fyrir efnahagasástandið ☺

Febrúar 2009,  
ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu  
Ásborg Ó. Arnþórsdóttir





## Ýmis viðfangsefni ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu

- Vinna að alsherjar stefnumótun í ferðamálum á svæðinu og vinna að eftirfylgni stefnu.
- Hafa umsjón með sameiginlegri bæklingaútgáfu.
- Hafa umsjón með heimasíðu [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is) upplýsingasíðu Uppsveitanna.
- Annast sameiginlega kynningu út á við; ferðasýningar, svæðakynningu o.s.frv.
- Veita ferðaþjónustuaðilum á svæðinu ráðgjöf og aðstoð varðandi: auglýsingar, kynningarmál og bæklingaútgáfu, verðlagningu, vöruþróun og nýsköpun o.fl.
- Svvara fyrirspurnum og bréfum erlendis frá, sem berast frá einstaklingum, hópum, ferðaskrifstofum og landkynningarskrifstofum.
- Svvara innlendum fyrirspurnum um þjónustu og aðstöðu á svæðinu, frá einstaklingum, fyrirtækjum og ferðaskrifstofum.
- Svvara ýmsum erindum frá Ferðamálastofu.
- Senda upplýsingar til fjölmiðla og ferðaskrifstofa.
- Sitja ráðstefnur og fundi um ferðamál og miðla þeim upplýsingum heim í hérað.
- Taka þátt í samstarfi ferðamálafulltrúa og Ferðamálasamtaka Íslands.
- Hvetja fólk sem starfar við ferðaþjónustu á svæðinu til að stunda símenntun og sækja námskeið.
- Aðstoða við kynningarheimsóknir
- Taka á mótí gestum sem vilja kynna sér aðstæður á svæðinu. Taka á mótí hópum.
- Stuðla að samvinnu innan og utan svæðis.
- Í starfi sínu gætir ferðamálafulltrúi fyllsta trúnaðar við viðskiptavinum og ferðaþjónustuaðila á svæðinu.
- Leitast við að vekja athygli á svæðinu á sem víðtækastan hátt.
- Þátttaka í verkefnum og umsjón með verkefnum
- Innlend og erlend samstarfsverkefni.